



Ræða um kosningar, klofning í Sjálfstæðisflokki og sigur á Selfossi, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Klofningur – Sjálfstæðisflokkur – Sigur - Selfoss

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rað á Selfossi
Eldri tölur.

Á síðastliðnu vori var gerð
tilraun til þess, að kljúfa Sjálf-
stæðisflokkinn með nýrri flokksstofn-
un. Sú tilraun fór út um þáfur. Flokk-
urinn tapaði að vísu vegna klofnings-
ins nokkru atkvæðamagni í Reykjavík,
en hann vann ^a víðast hvar á úti um land
og fekk kosna hærri tölu þingmanna,
en nokkru sinni fyrr.] Við bæjarstjórn
arkosningarnar endurheimti flokkurinn
að fullu fylgi sitt í Reykjavík og
sótti fram víðsvegar um landið. Senni-
lega hefur sigur flokksins þó hvergi

verið meiri en einmitt hér á Selfossi.

[Það fór ekki leynt, að andstæðingar

flokksins töldu sér hér vísan mikinn

sigur. Úti frá fullyrti fremsti for-

ustumaður andstæðinganna, að Selfoss

væri samvinnubær og þess vegna væri

Ópolandi, að íhaldið hefði hér for-

ustuna. En sigurvissan var ekki byggð

á þessari tilfinningu einni saman.

Atkvæðatölur frá fyrri kosningum gáfu

til kynna, að vonlaust væri fyrir

Sjálfstæðismenn, að sigra einir, allra.

sízt ef megin hluti andstæðinganna

skipaði sér í eina fylkingu til baráttu

á móti málsstað okkar.] En hér fór sem
oftar, að dramb er falli næst. Reynslan
hefur sýnt, að ekkert er ótryggara, en
að telja sér sigur vísan vegna þess,
að tölur í einhverjum fyrri kosning-
um hljóti að leiða til slíks. Í mann-
legu lífi helst ekkert óbreytt stund-
inni lengur og stundin er hraðfleyg, ^{og}
~~sva sem skáldið segir:~~ Mönnum miðar
annað hvort aftur á bak ellegar nokkuð
á leið. Viðhorf manna hvers til annars
tekur (~~þess vegna~~) stöðugum breytingum.
Skoðanir þeirra þroskast eftir því

sem reynslan kennir þeim. Einhverjir falla ætíð frá og nýir koma í þeirra stað og í vaxandi kaптúni eins og hér er fjölgunin meiri en uppvöxtur æskunnar einn segir til um.

Af öllu þessu og mörgu ^{öftr} leiðir, að aldrei má ganga út frá því sem vísu, að atkvæðahlutfall milli stjórnmálaflokka hljóti að haldast óbreytt, að ^{við}viðhorfið á hverjum tíma, afstaða manna til málefna þá og traust eða vantraust ^{v:l} þeirra, sem í kjöri eru, ^{hitt} ræður úrslitum, en ekki ^hhvernig atkvæði voru greidd einhvern tíma áður.

Allt þetta kann að sýnast sjálfsagt. En fyrir okkur, sem í stjórn-
málabaráttunni stöndum, er það lærdómur,
sem við aldrei megum láta okkur úr huga
eða minnifalla. Sigur er aldrei vís,
þótt hann geti verið meira eða minna
líklegur, og sigur getur að vísu haft
á atburðanna vís
úrslitaáhrif, en sjálfur er hann aðeins
einn atburður í eilífri atburðakeðju.
Atburður, sem er liðinn um leið og
hann er unnin, og ef menn vilja hafa
möguleika til sígurs næst, tjáir ekki
að liggja á lárberjunum og halda, að

sigurinn komi af sjálfu sér, heldur

verður að vinna fyrir honum, Til að ná

sigrⁱⁿⁿ verða menn að starfa ^í og starfa ^{sálfn framt þeir, þeir at}

þannig, að þeir eigi sigurinn skilið.

[Þessa skulum við Sjálfstæðismenn minn-

ast nú á okkar sigurstundu. Um leið og

við gerum okkur grein fyrir því, að það

var ekki nema eðlilegt, að sigurinn

gengi úr greipum andstæðinga okkar,

vegna þess þeir áttu ekki skilið að

sigra. Forustumaður þeirra á Selfossi

sagði að vísu, eins og ég áður gat um,

“ að Selfoss væri samvinnubær. Rétt er

Það, að samvinnuhreyfingin hefur gert
mikið fyrir þetta sveitarfélag svo sem
Arnessýslu í heild. ^{En} Kinmitt hér hefur

tvennt ásannast, sem aldrei má gleyma,

Þ fyrsta lagi

sem sé það, að orðtakið samvinna er lít-

ils virði, ef sí samvinna nýtur ekki

forustu hæfra manna. Innan samvinnu-

hreyfingarinnar er ekki síður þörf á

athafnamönnum, heldur en á öðrum vett-

vangi. Án slíkra athafna og forustu-

lit: *lit: 5 um stöðvotun þess*
manna verður ~~ekki~~ ^{kvæði} aðhafst. En þótt

*Þ á þriðja lagi
vertu at munn,
at þítt*

menn viðurkenni nauðsyn forustumann-

anna, þá vilja menn ekki, að þeir til-

einki sér öll samtökin. Almennin-
gur un-ir því ekki, að einstakir forustu-
menn segi: Samtökin og ^{það, er ég} ~~ég~~ ^{er} ~~erum~~ eitt,
eða, ~~að ég er samtökin~~, eins og ein-
valdurinn sagði forðum: Ríkið, það er
ég. Þrátt fyrir það, þótt ^{þeir} menn séu í
félagsskap, samvinnufélagi eða flokki,
þá vilja ^{þeir} frjálshuga menn fá að hafa
sínar eigin skoðanir. ^{Ástætt er} ~~Eg~~ ^{þá} ~~játa~~, að sam-
starf er nauðsynlegt, en ~~þeir~~ ^{þeir} skilja
ekki síður, að kúgunin er ^{jöfn} ~~fyrirlitleg~~ ^{þeir}
og ~~á~~ hver einstaklingur á sína eigin
samvizku og verður ^(sjálfur) ~~á~~ að fylgja

ef hann á því - 9 -
að miðja hit besta
gjálfrun sér.

henni. Menn hafa og fyrir löngu reynt,
að samvinnueinokunin er ekki síður
hættuleg, en önnur einokun. Ef almenn-
ingur á að njóta þess hagnaðar, sem af
samvinnunni leiðir, verður jafnframt
að gefa hinu frjálsa framtaki færi á
að reyna að sína krafta, til þess að
allir leggi það af mörkum, sem þeir
mest geta, og kyrrstaðan, andstaða
lífsins og framþróunarinnar, taki
ekki við. Skilningur almennings á
þessum staðreyndum á ríkan þátt í
eflingu Sjálfstæðisflokksins. Við

Sjálfstæðismenn viðurkennum þörf sam-
vinnu og alls konar samtaka. Sjálfur
flokkur okkar er einmitt merki um
það, að jafnvel frjálshuga og sjálfstæð-
ir menn verða að vinna saman til að koma
áhugamálum sínum fram. En við byggjum á
gildi hvers einstaklings, á þeim sann-
indum, að enginn getur séð fyrir, hvað
úr hverjum einstakling verður, að hver
einasta mannsál hefur þýðingu ekki
aðeins vegna sjálfrar sín, heldur einnig
vegna þess, að jafnvel frá þeim, er menn
síst hefðu búizt við, kunna að koma þær

hugmyndir og bjargráð, & úrslitum
ráða.] Lítum á sveitafélagið, sem við
erum stödd í. Enginn heilskyggn maður
neitar því, að hin miklu samvinnufé-
lög, sem hér starfa, hafi orðið til
góðs fyrir þetta byggðarlag, en um
leið og þau leggjast á ^{og} reyna að bæla
niður athafnaþrá einstaklingsins,
reyra almenning í einokunarviðjar,
þá er hætta fyrir stafni. Þeir menn,
er vilja nota samvinnufélagin sjálfum
sér til framdráttar en ekki almenningi
til hagsbóta, reyna oft, að hræða menn

með kaupmannavaldi og kaupmannagróða.

Með þeim forréttindum, sem kaupfélög-
in hafa hér í landi, eiga þau ekki að
þurfa að óttast samkeppni annara, ef
allt er með felldu. Og ef kaupmenn, eða
einstakir atvinnurekendur geta haldið
sér í samkeppninni við kaupfélögin þá
er það merki þess, að þeir hafa heil-
brigðu og hollu þjóðfélagsstarfi að
gegna.] Það er æriðanlega engin tilvilj-
un, forustumaður þessa samvinnubæjar,
sá maðurinn, sem hér nýtur mests trausts
er einmitt helzti kaupmaður staðarins,
hinn
~~okkar~~ ágæti þingmaður og oddviti sveit-

arfélagsins, Sigurður Ólafsson. Við
vitum öll, að Sigurður Ólafsson hef-
ur sjálfur unnið sig upp til þeirra
mannvirðinga og trúnaðar, sem hann
nýtur, en á þá ^{þann} ekki að þakka fjár-
magni, atvinnukúgun eða neins konar
yfirgangi. Það er meðfædd lipurð,
vilji til þess að leysa hvers manns
vandræði, ráðhollusta og hæfileiki
til að stjórna almenningsmálum, svo ^{at}
fólkið finnur, að hann er að vinna
ekki fyrir sjálfan sig eða til eigin
dýrðar, heldur fjöldanum til hags,

sem veldur vinsældum hans.] Sigurður
Ólafsson er maður, sem hvarvetna vinn-
ur á við viðkynningu, hvort heldur *er*
heima í héraði eða á Alþingi. Þótt
hann sé góður forustumaður og hafi
með eigin framkvæmdum sýnt, að hann er
traustur og öruggur athafnamaður, *og þá*
er hann í orðsins bezta skilningi
samvinnumaður. Hann veit, að athafna-
maðurinn verður mikill af eigin athöfn-
um en ekki af hinu, að hindra athafnir
annara. Foringinn verður að vísu að
veita forystu, *er*] á ekki að bæla aðra

undir sín yfirráð, ^{hann á} heldur að vera fremstur meðal jafningja, sem allir eiga jafnt í húfi, ^{sem sé} velferð sjálfs sín og sinna nánustu. Í þeim ^{efnum} á hinn umkomu- minnsti ekki síður kröfu til að til- lit sé tekið til hans en hinn völdug- asti. Slík samvinna er kjarni Sjálf- ^{þæt} stæðisstefnunnar, er vegna þess, að almenningur áttar sig æ betur og betur á þeim ^{sunn} sannindum, að Sjálfstæðisflokk- urinn á vaxandi vinsældum og tiltrú að fagna. En við ^{sem hefur flokkurinn og fólkitt hefur sig ut krúnað, vi} verðum sjálf að sýna með störfum okkar, að við eigum hið mikla

þat er

fylgi skilið. Starf og aftur starf,

sem leiðir til sigurs, og sigurinn á

svo að nota til enn aukinna starfa,

almenningi til heilla. Ef svo er

gert, þá mun vel fara, ekki aðeins

fyrir Sjálfstæðisflokkinn, heldur

mun

allri Íslands byggð.